

um breyting á lögum nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt vísitölu“ í 5. tölulið 21. gr. laganna komi:  
Samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

2. gr.

Síðasta málsgrein 25. gr. laganna orðist svo:  
Íðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 24. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkv. kaupgjaldsvísitölu marzmanaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð.

3. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1952.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allmiklar breytingar hafa orðið á verðlagi og vísitöluákvæðum á þessu ári. Er því óhjákvæmilegt að færa til réttis horfs þau ákvæði almannatryggingalaganna, sem fjalla um þau efni. Bráðabirgðaákvæði laganna um takmörkun á lífeyrisgreiðslum vegna tekna fellur auk þess úr gildi í lok þessa árs, og að lögunum óbreyttum að öðru leyti hækka útgjöld Tryggingastofnunarinnar af þeim sökum stórlega þegar á næsta ári, eins og nánar er vikið að í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins. Af þessum sökum verður ekki hjá því komizt að gera nú þegar breytingu á þeim ákvæðum laganna, sem mest er aðkallandi að breytt verði nú fyrir næstu áramót. Þar sem allýtarlegar athugasemdir fylgja frumvarpsgreinunum, þykir ekki sérstök ástæða til að ræða frumvarpið frekar almennt.

Um frumvarpsgreinarnar þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. tölulið 21. gr. ber að greiða verðlagsuppbót á framlag ríkissjóðs og sveitarsjóða „samkvæmt vísitölu“. Framfærsluvísitala samkv. ákvæðum laga nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu o. fl. er reiknuð út mánaðarlega og á að sýna raunverulegar breytingar á framfærslukostnaði. Samkv. ákvæðum 6. gr. sömu laga átti kaupgjald að hækka eftir framfærsluvísitölu, en þó þannig að ekki skyldi tillit tekið til þeirra breytinga á framfærslukostnaði, sem áttu rót sína að rekja til breytts verðlags á landbúnaðarafurðum, sem stafar af ákveðnum breytingum á launum bónda og verkafólks hans. Vísitala sú, sem kaupgjald skyldi miðað við, hefur af þessum ástæðum verið nokkrum stigum lægri en framfærsluvísitalan, frá því að lögin um gengisbreytingu o. fl. tóku gildi.

Með lögum nr. 117 28. des. 1950 var ákveðið, að verðlagsuppbót opinberra starfsmanna árið 1951 skyldi vera 123 stig, og að frá 1. febr. 1951 skyldu launagreiðslur almennt ekki taka breytingum samkv. ákvæðum 6. gr. gengisbreytingarlaganna. Hinn 30. júní 1951 var svo ákveðið með bráðabirgðalögum, að á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum opinberra starfsmanna, sem ekki eru hærri en 1830 krónur á mánuði, skyldi ekki lengur takmarka uppbótina við 23%, heldur greiða fulla verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu, þ. e. framfærsluvísitölu með þeim frádrætti, sem að framan greinir.

Af þessu er ljóst, að um a. m. k. þrenns konar vísitölu getur verið að ræða, þ. e.:

1. framfærsluvísitölu,
2. lögbundna vísitölu á þann hluta launa, sem er yfir kr. 1830 á mánuði, og
3. kaupgjaldsvísitölu á laun opinberra starfsmanna upp í 1830 kr. á mánuði auk hinnar samningsbundnu kaupgjaldsvísitölu verklýðsfélaganna, sem er hin sama og greinir í 3. lið.

Fram til ársins 1947, er vísitalan var bundin við 300 stig, voru framlög til sjúkrasamlaganna jafnan miðuð við framfærsluvísitölu. Ekki þykir þó eðlilegt, eins og málum er nú komið, að miða við framfærsluvísitölu, þar sem sú vísitala er ekki nema að nokkru leyti ákvarðandi um útgjöld samlaganna. Aftur á móti er augljóst, að samlögin væru mjög vanhaldin, ef miðað væri við hina bundnu vísitölu 123 stig, sem ekki er í neinu sambandi við aukningu dýrtíðarinnar, þar sem útgjöld þeirra eru að mjög miklu leyti bundin við hærri vísitölu og margir háir út-

gjaldaliðir hafa hækkað til stórra muna meir en sem svarar hækkun framfærslu-  
vísitölu, t. d. lyf og sjúkrahússkostnaður.

Félagsmálaráðuneytið lítur svo á, að orðin „samkvæmt vísitölu“ beri að skilja  
svo, að þar sé átt við kaupgjaldsvísitölu opinberra starfsmanna á laun eða launa-  
hluta upp í 1830 kr. á mánuði, sbr. 1. gr. bráðabirgðalaga frá 30. júní 1951. Þykir  
þó rétt eftir atvikum að taka af öll tvímæli um þetta efni.

#### Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lagaákvæðum greiðir Tryggingastofnun ríkisins allar grunn-  
upphæðir bóta með dýrtíðaruppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem dýr-  
tíðaruppbót opinberra starfsmanna miðast við á hverjum tíma. Hins vegar ber að  
miða vísitöluálagið á grunnupphæðir tekjuliðanna við meðalvísitölu næsta árs á  
undan. Mismunurinn á greiðsluvísitölunni, sem bætunnar miðast við, og meðalvís-  
itölu næsta árs á undan, sem tekjurnar eru nú miðaðar við, hefur s. l. 2 ár verið  
svo mikill, að stórfelldur halli hefur orðið á rekstri stofnunarinnar, þrátt fyrir  
hækkun þá á tekjuliðunum, sem ákveðin var á s. l. sumri.

Bótavísitala ársins 1950 var milli 108 og 109 stig, en tekjuálagsvísitalan rétt 100  
stig, enda varð mjög verulegur halli á rekstri Tryggingastofnunarinnar það ár.  
Bótavísitala ársins 1951 verður a. m. k. 131 stig, eða 23 stigum hærri en tekjuvís-  
italan, þ. e. meðalvísitala ársins 1950. Við hvert stig, sem bótavísitalan hækkar um,  
aukast útgjöld Tryggingastofnunarinnar um ca. 550 þús. krónur á ári. Hefði því  
orðið 12—13 millj. króna rekstrarhalli á þessu ári, ef ekki hefði verið notuð heimild  
sú, sem veitt er í bráðabirgðaákvæði viðaukalaganna frá síðasta Alþingi, en samkv.  
þessari heimild voru tekjuliðirnir hækkaðir um 10—11% á s. l. sumri, eins og áður  
er sagt. Þrátt fyrir þessa hækkun vantar um 11—12 stig á, að tekjuvísitalan verði  
jafnhá bótavísitölunni á þessu ári, og er því fyrirsjáanlegt, að um 6 milljónir  
skortir á, að tekjur Tryggingastofnunarinnar á árinu hrökkvi fyrir útgjöldunum.  
Verður því rekstrarhalli stofnunarinnar á s. l. 2 árum um eða yfir 8 millj. króna.

Eins og áður er sagt er talið, að meðalvísitala yfirstandandi árs, þ. e. tekju-  
vísitala næsta árs, og við þá vísitölu er framlag ríkissjóðs í frumvarpinu til fjárlaga  
miðað, muni verða um 131 stig. Hins vegar er vísitala kaupgjaldsins, þ. e. bóta-  
vísitalan, nú þegar orðin 13 stigum hærri, komin upp í 144 stig. Engu skal um það  
spáð, hvort vísitalan breytist til hækkunar eða lækkunar næstu 14 mánuði, þ. e.  
til loka ársins 1952, en augljóst er, að munurinn á bótavísitölu og tekjuvísitölu  
á árinu 1952 verður meiri en svo, að Tryggingastofnunin geti að óbreyttu borið  
þann halla.

Heimildin til að hækka tekjuliðina með ákvörðun ríkisstjórnarinnar fellur  
niður í lok þessa árs, enda stórfelldum erfiðleikum bundið og tæplega gerlegt að  
hækka iðgjöld og framlög á miðju ári. Slíkar breytingar kosta mikla vinnu og fé  
og torvela innheimtuna stórlega.

Hér er því lagt til, að framvegis verði iðgjöld hinna tryggðu og atvinnuveit-  
enda svo og framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða ákveðin samkv. kaupgjaldsvísitölu  
marzmánaðar það ár, sem gjöldin eru á lögð.

Ber þá Tryggingastofnunin áfram áhættuna við það, að marzvísitalan verði  
lægri en meðalvísitala ársins.

#### Um 3. gr.

Þegar lögin um almannatryggingar voru endurskoðuð 1946, voru lätin fylgja  
þeim nokkur bráðabirgðaákvæði, og var hið fyrsta þeirra um takmörkun á elli-  
lífeyrisgreiðslum svo hljóðandi:

„Greiðslur ellilífeyris samkv. 15. gr., örorkulífeyris samkv. 18. gr. og barna-  
lífeyris samkv. 20. gr., eru um næstu 5 ár háðar þeim takmörkunum, sem hér segir:

Fullur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. gr. skal því aðeins greiddur, að aðrar  
tekjur hlutaðeiganda fari ekki fram úr fullum lífeyri. Séu tekjurnar hærri, lækkar

lífeyririnn um helming þess, sem umframtekjurnar nema, og fellur niður, þegar þær ásamt lífeyrinum hafa náð upphæð, sem er jafnhá þreföldum lífeyri.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð takmörkun á lífeyri barna, sem hafa sjálfstæðar tekjur, barna ekkna og barna örorku- og lífeyrisþega. Þó má ekki takmarka þessar greiðslur meira en svo, að lífeyrir og aðrar tekjur nái hámarksupphæð þeirri, sem næsta málsgrein hér á undan ákveður, að viðbættum fullum barnalífeyri.

Takmörkun þessi skal miðast við síðasta skattaframtal bótaþega. Færi hann gild rök fyrir því, að tekjur hans rýrni verulega á því ári, sem bæturnar eiga að greiðast, skal taka tillit til þess við ákvörðun bótanna.“

Ákvæði þetta á að falla úr gildi 31. des. 1951, og ef svo yrði, mundi það auka útgjöld Tryggingastofnunarinnar um eigi lægri upphæð en 5 millj. króna árlega, sem þá mundi bætast við tekjuhalla þann, sem nú er á stofnuninni.

Upphaflega var svo ráð fyrir gert, að fjárhagur Tryggingastofnunar ríkisins væri orðinn það góður og árlegar tekjur hennar það tryggar, að stofnunin gæti borið þessa viðbót án þess að hækka iðgjöld og framlög þeirra vegna. En þetta hefur farið á annan veg. Verulegur rekstrarhalli hefur orðið á stofnuninni síðustu árin, og ekki er öruggt að tekjuafgangur verði næsta ár. Er því ekki annað fyrir hendi nú en framlengja ákvæði þetta enn, og er lagt til, að það verði framlengt til ársloka 1952 með það fyrir augum, að tekizt hafi fyrir þann tíma að finna lausn á málinu, sem þá mætti lögfesta á næsta þingi, ef þess yrði talin þörf.